

Öfundarfirði 3. desember 2021

Góðan daginn kærur skógarbændur!

Við í skógarþjónustunni höfum haft í ýmsu að snúast síðustu vikur og ber þá hæst vinnu við að klára gæðaúttektir og ganga frá eftir annir sumars og hausts. Þá hefur verið mikið að gera við gerð nýrra áætlana fyrir bændur í skógrækt á lögbýlum sem og einkaaðila og fyrirtæki sem hafa leitað til okkar um ráðgjöf og áætlanagerð í auknu mæli.

Núna í svartasta skammdeginu ætlum við að vinna okkur í haginn og flýta vinnu við úthlutanir enn meir en áður hefur verið. Þetta gerum við m.a. vegna ábendinga frá bændum sem vilja gera plön fyrir árið fyrir en ella.

Því óskum við eftir að allir skógarbændur skoði sínar áætlanir og skili inn áætlun um gróðursetningu og öðrum framkvæmdum (jarðvinnsla, slóðagerð, girðingar, snemmgrisjun) vegna ársins 2022 í byrjun janúar 2022. Vinsamlegast hafið samband við ykkar skógræktarráðgjafa og komið áætlum ykkar á framfæri við hann. Skil á gögnum þurfa að hafa borist skógræktarráðgjöfum í síðasta lagi **5. janúar 2022**. Ef allt gengur eftir þá munu bændur frá staðfesta úthlutun og framkvæmdaloforð ársins í lok febrúar.

Lykildagsetningar ársins **2022**.

- **Skógarbændur skili áætlun/óskir ársins í síðasta lagi 5. janúar.**
- Skógræktarráðgjafar senda út staðfestar plöntuúthlutanir og framkvæmdaloforð um mánaðarmótin 20.-28. febrúar.
- Plöntudreifing hefst í apríl og stendur fram í júníbyrjun.
- Dreifingarstöðvum lokað og þær tæmdar v. vorgróðursetninga 24. júní.
- **Skil á framkvæmdaskýrslum (Avenzaskráningum v vorgróðursetninga) 1. ágúst.**
- Plöntudreifing vegna haustgróðursetninga hefst um miðjan ágúst og stendur fram í september.
- Dreifingarstöðvum lokað og þær tæmdar v. haustgróðursetninga 23. september.
- **Skil á framkvæmdaskýrslum (Avenzaskráningum v haustgróðursetninga) 10. október.**

Skógræktarráðgjafar eru tengiliðir bænda og skipta með sér svæðum eins og verið hefur.

Þær tegundir sem verða í boði árið 2022 má sjá á meðfylgjandi lista í excelskjali. Í vor verður hluti í boði í frystum einingum, ræðið það við ykkar skógræktarráðgjafa ef áhugi er á slíku en búast má við að í framtíðinni mun vetrargeymsla skógarplanta í frysti aukast til muna.

Við hvetjum ykkur til að skoða þetta sem fyrst og senda inn óskir/pantanir svo að úthlutun og áætlanagerð ársins gangi sem best fyrir alla.

Með bestu kveðjum og ósk um ánægjulega aðventu!

Gleðileg jól, með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða!

f.h. starfsfólks skógarþjónustu Skógræktarinnar

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
sviðsstjóri

